

Félags- og barnamálaráðherra leggur fram stefnu og aðgerðaáætlun um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi [þingsályktunartillögu um stefnu og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland, markvissa framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#). Um er að ræða fyrstu stefnuna sem íslensk stjórnvöld setja fram til að fylgja eftir innleiðingu sáttmálans. Ráðherra hefur sett málefni barna í forgang síðan hann tók við embætti og er þingsályktunartillagan hluti yfirgripsmikillar vinnu sem unnin hefur verið í félagsmálaráðuneytinu með aðkomu fjölda aðila við að endurskoða og efla þjónustu og stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Verði stefnan samþykkt mun Ísland skipa sér í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að réttindum barna.

Stefnan og aðgerðaráætlunin uppfyllir ítrustu kröfur Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, skyldur stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum og fela í sér innleiðingu verklags og ferla sem tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnsýslunnar.

Helstu atriði stefnunnar eru m.a.

- Þróa þáttökuvettvang stjórnvalda við börn og ungmenni á landsvísu.
- Vinna úttekt á möguleikum barna og ungmenna til þátttöku í samstarfi við Evrópuráðið.
- Samráðsgátt stjórnvalda gerð aðgengilegri börnum og ungmennum.
- Þróun mælaborðs sem heldur utan um viðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir velferð, líðan og réttindi barna.
- Mótun og innleiðing hagsmunamats út frá réttindum barna, sem verður hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa, stefnumótandi ákvarðana og ákvarðana í málum einstakra barna.
- Fullgilding þriðju valkvæðu bókunarinnar við Barnasáttmálann, um sjálfstæða kæruleið til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.
- Mótun heildstæðrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á landsvísu.
- Endurskoðun og samræming lagaákvæða við Barnasáttmálann.
- Fullgilding Haag samningsins í Barnavernd.
- Markviss stuðningur við innleiðingu Barnasáttmálans inn í skóla og frístundastarf.
- Stuðla að því að öll sveitarfélög hefji innleiðingu Barnasáttmálans og vinni að því að verða barnvæn sveitarfélög á næsta áratug.
- Vinna greiningu á menntun fagaðila sem vinna með og fyrir börn á þekkingu þeirra áréttindum barna.
- Efla eftirfylgd með niðurstöðum Barnaþings, sem haldið er af umboðsmanni barna á tveggja ára fresti.
- Móta fræðsluáætlun umréttindi barna fyrir börn og fagaðila sem vinna með og fyrir börn.
- Efla dag mannréttinda barna 20. nóvember ár hvert.

Stefnan um Barnvænt Ísland var unnin í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um málefni barna og að henni hafa einnig komið opinberir aðilar, félagasamtök og börn og ungmenni. Við mótun stefnunnar var áhersla lögð á að hagsmunir barna verði ávallt hafðir í fyrirrúmi og að við stefnumótun í málaflokknum sé mótuð heildarsýn, sem tæki mið af sjónarhorni allra aðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna, ekki síst barnanna sjálfra.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra:

Ég er virkilega ánægður með þennan stóra áfanga, að leggja fram stefnu og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland á Alþingi. Við erum að gera miklar breytingar í málefnum barna og fjölskyldna, þar sem markmiðið er að gera Ísland að enn betri stað fyrir börn og að þau verði hjartað í kerfinu. Kerfið á að vinna fyrir börnin en ekki öfugt. Verði þetta samþykkt á Alþingi mun Ísland skipa sér í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að réttindum barna og mun þannig leika mikilvægt hlutverk í að draga vagninn fyrir réttindi barna út um allan heim.

- [Tillaga til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#)